

## 2.bekkur - leiklist - haust2020

---

Kennarar: Sigríður Eyrún Friðriksdóttir

| 2

### Viðfangsefni

Við ætlum að læra að búa til leikrit með upphaf, miðju og endi og nota einfalda leikmuni við uppsetningu á leikritum. Í leikritinu ætlum við að læra að setja okkur í spor annarra og tala sem persóna í hlutverki.

### Námsmat

Eftirfarandi þættir verða metnir með sjálfsmati, jafningjamati nemenda yfir önnina.

Að geta sett saman leikrit með skýru upphafi, miðju og endi.

Að geta notað einfalda leikmuni til að styðja við sköpun sína.

Að geta unnið einföld verkefni í hópi.

Að geta sett sig í spor annarra og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.

### VIÐMIÐ ÚR NÁMSKRÁ

---

#### Sviðslistir fyrir 1.- 4. bekk - Leiklist

- Tekið virkan þátt í leikrænu ferli í hópi og sýnt skólasystkinum tillitssemi.
- Sett saman einfalda leikþætti í samstarfi við jafningja og kennara með skýru upphafi, miðju og endi.
- Sett sig í spor annarra í leikrænu ferli/hlutverkaleik og tekið þátt í viðtali sem ákveðin persóna.
- Notað einfalda leikmuni og sviðsbúnað til að styðja við sköpun sína.
- Beitt einföldu formi leiklistar.